

Aðalfundur fff 28.maí nk.

Aðalfundur félags fagfólks í frítímaþjónustu verður haldinn **föstudaginn 28.maí nk.**

Venjuleg aðalfundarstörf:

skýrsla stjórnar
kosning í stjórn ofl.
Vakin er athygli á að stjórnarmeðlimir eru

kosnir til tveggja ára. Staðsetning auglýsti síðar.

Stjórnin

Málþing 17.sept.

Fagfélagið mun standa fyrir málþingi **föstudagsins 17. september, takið daginn frá.**

Er málþingið liður í 5 ára afmælishátíð félagsins. Miklill undirbúningur er í gangi vegna málþingsins

og stefmt er að mjög metnaðarfullri dagskrá. Ef félagsmenn hafa einhverjar athugasemdir eða hugmyndir vegna málþingsins hafið þá samband við meðlimi stjórnar eða sendið okkur inn á fagfelag@gmail.com

Er það von stjórnar að félagar fjölmenni á málþingið.

Frekari auglýsingar um málþingið verður sent út í sumar.

Stjórnin.

Nýir félagar!

Enn bætast við nýir meðlimir í félagið:

Þóra Melsted,

deildarstjóri í Gufunesbæ, og **Bjarni Gunnarsson,** íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Dalvík voru samþykkt á fundum

stjórnar í mars og apríl.

Bjódum við þau hjartanlega velkomin í félagið.

Gæði eða geymsla?

Föstudaginn 9. apríl var haldin ráðstefna um starfshætti frístundaheimila á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Menntavísindasviðs HÍ, Íþróttá- og tólmstundasviðs Reykjavíkur, Sambands slenskra sveitarfélaga og Heimila og skóla. Um 150 tóku þátt í ráðstefnunni og komu þátttakendur víða að. Helgi Grímsson, formaður Samtaka um skólaþróun,

setti ráðstefnuna og sagði frá tildrögum þess að samtökin veldu þetta viðfangsefni í árlegri ráðstefnu sinni. Þar ber helst að nefna vinnu doktorsnemans Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur sem skoraði á stjórn samtakanna að taka fyrir málefni frístundaheimilanna. Helgi nefndi að til séu dæmi þess að börn séu lengur í frístundaheimili á ársgrunni heldur en í skólastarfi. Samt er lítið sem ekkert í lögum

landsins um þessa starfsemi, mismunandi eftir sveitarfélögum hver ber ábyrgð á starfseminni og margvísleg nöfn eru notuð um starfsemina, eins og frístundaheimili, tólmstundaheimili, lengd viðvera, skólagæsla o.s.frv.

Eftir setninguna flutti Jón Torfi Jónasson, formaður Menntavísindasviðs, ávarp. Jón Torfi sagðist lengi hafa verið áhugamaður um starfsemi lengdrar

viðveru skólabarna. Hann er annar leiðbeinenda Kolbrúnar sem er að skrifa doktorsritgerð um dagvistun skólabarna. Jón Torfi vill meina að það hafi bæði kosti og galla að ekki séu til lög um starfið. Nú séu allar leiðir opnar fyrir starfsemina. Verkefnið sé brýnt, spennandi og áhugavert og kalli á alla tiltæka þekkingu um menntun og þroska barna.

Því næst flutti Kolbrún Þ. Pálsdóttir erindi sem hún kallaði Dagvistun skólabarna í fortíð og nútíð. Þar sagði hún meðal annars frá skýrslu Evrópusambandsins frá árinu 2006 þar sem gerð var úttekt á dagvistun skólabarna í Evrópu. Þar kemur fram að hugmyndir Evrópuþjóðanna um markmiðin með starfinu séu ólík. Sumar þjóðir byggja starfið upp sem nám, e.k. framhald af skólanum, aðrar einblína á tómsundastarf og enn aðrar líta aðallega á starfið sem gæslu eða umönnun. Kolbrún fjallaði einnig um mikilvægi þess að hugað verði vel að menntun starfsfólks, starfskjörum þeirra og vinnuskilyrðum.

Á eftir Kolbrúnu kom Valgerður Freyja Ágústsdóttir, stjórnsmálafræðingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hún sagði frá könnun sem sambandið gerði á því hvernig og hvort sveitarfélögin í landinu veita þessa þjónustu. Samkvæmt könnuninni bjóða 74% sveitarfélaga á landinu upp á þjónustuna. Þessi könnun verður fljótlega aðgengileg á heimasíðu þeirra www.samband.is.

Bryndís Haraldsdóttir sem situr í stjórn Heimila og skóla fjallaði um sjónarhorn foreldra. Þar kom fram að foreldrar gera miklar kröfur um slíka þjónustu og að samfella sé í skóla og frístundastarfi barna.

Ragnheiður Gísladóttir, verkefnastjóri á rekstri frístundaheimilinu Vík í Grafarvogi fjallaði um innra skipulag starfsins í Vík. Hún lýsti því hvernig hún byggði frístundaheimilið upp á þann hátt að börnin þyrftu sem minnst að bíða í röðum, þar væri flæði þar sem börnin gætu samkvæmt góðu skipulagi valið sér viðfangsefni í þægilegu og snyrtilegu umhverfi.

Anna María Snorradóttir, forstöðumaður Frístundar í Lundarskóla sagði síðan frá starfi frístundar á Akureyri. Á Akureyri er frístundin í umsjón skólanna. Margrét Halldórsdóttir, íþróttá- og tómsundafulltrúi á Ísafirði sagði frá starfi dægradvalar á Ísafirði, en þar fer starfsemin fram í sama húsnæði og félagsmiðstöðin. Þar er opið fyrir unglinga á morgnana í frímínútum, kl. 13-16 koma svo 6-9 ára börnin inn í lengda viðveru og unglingarnir koma svo í félagsmiðstöðina kl. 16-18 og stundum á kvöldin. Á Ísafirði er stutt á milli skóla, félagsmiðstöðvar og íþróttaaðstöðu, þannig að börnin eiga auðvelt með að fara úr lengdri viðveru á æfingar, en þau börn sem eru ekki að æfa geta farið í íþróttasal í lengdri viðveru með þjálfara sem þar starfar á hverjum degi.

Eygló Rúnarsdóttir kynnti síðan Félag fagfólks í frítímaþjónustu (FFF), sagði frá síðarreglunum, inngönguskilyrðum í félagið og fleira.

Að lokum flutti Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í Gufunesbæ, erindi sem hún kallaði Horft til framtíðar. Þóra gekk í sínu erindi út frá víðtækri reynslu sinni af starfi með börnum, en hún er grunnskólakennari að mennt.

Hún taldi mikilvægt að horfa til framtíðar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af lagðri frístundaheimila. Hún lagði áherslu á orðin tvö í heitinu frístundaheimili, að þar færi fram frístundastarf sem hefði það að markmiði að efla virkni barna með lýðræðislegum starfsháttum en þar ættu börnin einnig að fá heimilislega hlýju og umhyggju.

Eftir hádegishlé var farið í fimm málstofur: Menntun starfsmanna, Samstarf frístundaheimila og skóla, Stefnumótun og stjórnun, Skipulag á innra starfi og Tómsundur fyrir öll börn.

Að lokum voru pallborðsumræður undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við Menntavísindasviðs HÍ. Í pallborðsumræðunum kom fram ánægja ráðstefnugesta með það að hafa fengið tækifæri til þess að ræða saman um hugmyndafræði og áherslur í frístundastarfi barna. Þá var rætt um mikilvægi þess að halda umræðunni áfram og skapa vettvang til þess að vinna áfram að málefnum, t.d. með því að finna sameiginlegt nafn á þjónustuna, smíða henni ramma sem gætu rúmað starfsemina í ólíku samfélagi og huga að vinnuskilyrðum starfsfólks.

Helgi Grímsson sleit ráðstefnunni með því að varpa boltanum til Menntavísindasviðs og Fagfélagsins um að halda orðræðunni áfram á lofti og vinna að framþróun í frístundastarfi barna.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Þóra Melsted